

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 1996

7. mars 1996

301

Nr. 146

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi árið 1996.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 3. gr. samþykktar nr. 257/1988 um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs, skal árið 1996 vera kr. 6.000. Gjaldldagi er 15. mars og eindagi 15. apríl.

Gjaldið skal vera kr. 500 fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði.

2. gr.

Handsömunargjald er kr. 4.000 og geymslugjald fyrir handsamaðan hund kr. 400 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 7. mars 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.